

að vörur þær og peningar, að upphæð alls 147 kr. 59 aurar, sem aðrir en hann sjálfur, kona hans eða sonur, hafa fengið út við Möllers verzlun, hafi verið tekið út úr reikningi hans að honum fornspurðum eða móti vilja hans og vitund, á hann, að því þessa upphæð snertir, að vera sýkn afkærum og kröfum stefnda í þessu máli. En treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, ber honum að greiða stefnda 147 kr. 59 auru með 5% vöxtum frá 15. septbr. 1879 til borgunardags. Að öðru leyti á hann í þessu máli að vera sýkn af kröfum stefnda.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

20/1880

Hið opinbera
gegn

Þórarni veitingamanni Finnbogasyni.

D ó m u r :

Með dómi, gengnum fyrir lögreglurjetti Norðurmúlasýslu 10. dag janúarmán. þ. á., er hinn kærði, Þórarinn veitingamaður Finnbogason, fyrir að hafa haldið dansleik sunnudagskvöldið 14. desembermán. f. á., dæmdur í 10 kr. sekt til hlutaðeigandi fátækra sjóðs og málskostnað. Þessum dómi hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað í máli þessu, að hinn kærði hefur sunnudagskvöldið 14. dag desembermán. f. á. á heimili sínu eða í veitingahúsi sínu leikið á hljóðfæri, og að fáeinir karlar og konur hafa nokkra stund stígið

þar dans; en á hinn bóginn er það ekki sannað, að hinn kærði hafi kvatt til dansleiks kvöld þetta, nje heldur, að þar hafi neinar veitingar fram farið. Yfirdóminum virðist því ljóst, að kærði ekki hefur haldið neinn dansleik í rjettri merkingu orðs þessa um getið kvöld, og að hann þannig ekki hefur aðhafzt það, sem honum er gefið að sök í þessu máli; það ber því að dæma hann sýknan af kærum hins opinbera í þessu máli, án þess þörf gjörist að rannsaka, hvort tilskip. 28. marzmán. 1855, sbr. op. brjef 26. septbrmán. 1860, leggi bann við, að veitingamenn haldi dansleiki á sunnudagskvöldum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað úr opinberum sjóði, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors um sig.

Meðferð málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn þess við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Þórarinn veitingamaður Finnbogason, á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli.

Allur af málinu löglega leiðandi kostnaður, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, setts málaflutningsmanns Jóns Jónssonar og málaflutningsmanns Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist úr opinberum sjóði.